

**Landlæknir**  
**08 301**

**Ársreikningur 2019**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Landlæknir**

**kt. 710169-5009**

**Katrínartúni 2, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Landlæknir er ríkisaðili í A-hluta sem starfar í samræmi við lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Samkvæmt lögunum er embættinu ætlað að stuðla að heilbrigði landsmanna, m.a. með því að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og efla lýðheilsustarf í landinu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 32 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 1.557,1 milljónir og afkoma kr. -142,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -48,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 213,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Landlæknis í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Landlæknis fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Alma D. Möller,  
landlæknir

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.325.800.000	1.216.100.000
Seld vara og þjónusta .....	3	9.480.696	10.573.498
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	215.585.175	214.049.646
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	6.248.063	5.530.375
<b>Tekjur samtals</b>		<u>1.557.113.934</u>	<u>1.446.253.519</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	856.214.288	741.879.598
Framlög og tilfærslur .....	6	35.296.918	14.337.586
Annar rekstrarkostnaður .....	7	802.467.525	626.466.207
Afskriftir .....	8	6.248.063	5.530.375
<b>Gjöld samtals</b>		<u>1.700.226.794</u>	<u>1.388.213.766</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(143.112.860)	58.039.753
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		526.481	461.424
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(152.234)	(59.382)
		<u>374.247</u>	<u>402.042</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<u>(142.738.613)</u>	<u>58.441.795</u>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(132.941.695)	47.279.381
Rekstrartilfærslur .....		(9.796.918)	11.162.414
		<u>(142.738.613)</u>	<u>58.441.795</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður .....		24.122.842	15.174.649
Aðrar eignir .....		70.130	88.830
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>24.192.972</u>	<u>15.263.479</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		5.310.059	5.535.463
Tengdir aðilar .....	10	134.783.072	231.063.102
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		968.265	4.486.800
Handbært fé .....		48.642.769	30.548.251
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>189.704.165</u>	<u>271.633.616</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>213.897.137</u>	<u>286.897.095</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	11		
Hrein eign .....		(48.919.053)	93.819.560
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(48.919.053)</u>	<u>93.819.560</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	21.929.802	13.185.743
Viðskiptaskuldir .....		96.894.509	68.805.799
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	114.309.601	88.555.652
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	13	29.682.278	22.530.341
<b>Skuldir samtals</b>		<u>262.816.190</u>	<u>193.077.535</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>213.897.137</u>	<u>286.897.095</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(142.738.613)	58.441.795
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	6.248.063	5.530.375
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(6.248.063)	(5.530.375)
		<u>(142.738.613)</u>	<u>58.441.795</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		3.743.939	(1.230.723)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		53.842.659	(12.096.553)
		<u>57.586.598</u>	<u>(13.327.276)</u>
		<u>(85.152.015)</u>	<u>45.114.519</u>
<b>Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9	(15.177.556)	(5.633.138)
		<u>(15.177.556)</u>	<u>(5.633.138)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		105.024.089	(41.360.650)
Fjárfestingarframlag .....		13.400.000	12.900.000
		<u>118.424.089</u>	<u>(28.460.650)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		18.094.518	11.020.731
		<u>30.548.251</u>	<u>19.527.520</u>
		<u>48.642.769</u>	<u>30.548.251</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

## Skýringar

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.



## Skýringar

	2019	2018
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.325.800.000	1.229.000.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	0	(12.900.000)
Tekjufærsla fjárveitinga .....	1.325.800.000	1.216.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	6.248.063	5.530.375
	<u>1.332.048.063</u>	<u>1.221.630.375</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.266.200.000	25.500.000	0	1.291.700.000
Fjáraukalög .....	31.700.000	0	0	31.700.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	2.400.000	0	0	2.400.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.300.300.000</b>	<b>25.500.000</b>	<b>0</b>	<b>1.325.800.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ..	(1.433.241.695)	(35.296.918)	0	(1.468.538.613)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(132.941.695)</b>	<b>(9.796.918)</b>	<b>0</b>	<b>(142.738.613)</b>

	2019	2018
<b>3 Seld vara og þjónusta</b>		
Sala á vöru og þjónustu .....	7.996.643	8.439.223
Vörusala I .....	1.258.908	709.775
Fræðslustarfsemi og fundir .....	225.145	1.424.500
	<u>9.480.696</u>	<u>10.573.498</u>

<b>4 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	177.973.520	190.945.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	35.919.505	22.273.403
Ýmsar tekjur .....	1.692.150	831.243
	<u>215.585.175</u>	<u>214.049.646</u>

<b>5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	674.502.743	588.071.570
Orlof, breyting .....	22.992.082	13.456.000
Önnur launagjöld, ótalin annars staðar .....	(2.233.154)	0
Launatengd gjöld .....	151.373.381	132.528.768
Starfsmannakostnaður .....	9.579.236	7.823.260
	<u>856.214.288</u>	<u>741.879.598</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	64,0	59,0
------------------------------	------	------

<b>6 Framlög og tilfærslur</b>		
Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta .....	7.516.663	13.223.033
Rekstrartilfærslur aðrir .....	27.780.255	1.114.553
	<u>35.296.918</u>	<u>14.337.586</u>

## Skýringar

	2019	2018
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.090.552	936.196
Byggingarvörur, almennar .....	91.472	286.526
Byggingarvörur, aðrar .....	0	4.480
Ýmis tæki og áhöld .....	3.383.334	1.692.587
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	0	1.452
Orkugjafir .....	1.615.742	2.136.083
Matvæli .....	14.997.779	14.932.897
Almennar rekstrarvörur .....	3.290.540	1.959.970
Vörukaup, almenn	24.469.419	21.950.191
Lyf og tengd efni .....	29.191	0
Kennslu- og föndurvörur .....	6.390	116.965
Ýmsar sérgreindar vörur .....	69.509	86.855
Vörukaup, sérgreind	105.090	203.820
Fundir, námskeið, risna .....	6.285.938	12.095.949
Ferðir, uppihald .....	20.686.422	16.913.821
Akstur .....	3.501.559	1.738.870
Sérfræðiþjónusta .....	565.559.344	407.631.106
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	171.539	621.241
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	14.193.640	20.611.789
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	10.319.726	7.932.252
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	620.718.168	467.545.028
Afnotagjöld .....	98.791.402	80.363.105
Leigugjöld .....	40.067.478	48.776.464
Notkun véla og flutningatækja .....	7.725.679	406.729
Verkkaup .....	10.563.002	6.429.121
Kostnaðarhlutdeild .....	0	770.000
Tryggingar, lögboðnar .....	2.652	17.944
Opinber gjöld .....	24.635	3.805
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	157.174.848	136.767.168
Annar rekstrarkostnaður samtals	802.467.525	626.466.207
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	6.229.363	5.511.675
Aðrar eignir .....	18.700	18.700
	6.248.063	5.530.375

## Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
<b>9 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	24.122.842	15.174.649
Aðrar eignir .....	70.130	88.830
	<u>24.192.972</u>	<u>15.263.479</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019 .....	35.229.852	2.842.330	38.072.182
Viðbætur á árinu .....	15.177.556	0	15.177.556
	<u>50.407.408</u>	<u>2.842.330</u>	<u>53.249.738</u>
Afskriftir 1.1.2019 .....	20.055.203	2.753.500	22.808.703
Afskrift ársins .....	6.229.363	18.700	6.248.063
	<u>26.284.566</u>	<u>2.772.200</u>	<u>29.056.766</u>
Staða 31.12.2019 .....	<u>24.122.842</u>	<u>70.130</u>	<u>24.192.972</u>
	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>	

## 10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	134.783.072	161.358.086
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	0	69.705.016
	<u>134.783.072</u>	<u>231.063.102</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	21.929.802	13.185.743
	<u>21.929.802</u>	<u>13.185.743</u>

## 11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

**Hrein eign**

Jöfnuður 1.1. ....	93.819.560	35.377.765
Afkoma ársins .....	(142.738.613)	58.441.795
Jöfnuður 31.12. ....	<u>(48.919.053)</u>	<u>93.819.560</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirlit eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

	31.12.2019	31.12.2018
<b>12 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	111.547.734	88.555.652
Ógreidd laun .....	2.761.867	0
	<u>114.309.601</u>	<u>88.555.652</u>

## Skýringar

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	24.192.972	15.263.479
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	5.489.306	7.266.862
	<u>29.682.278</u>	<u>22.530.341</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestingafjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 .....	15.263.479	7.266.862	22.530.341
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	13.400.000	13.400.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	15.177.556	(15.177.556)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(6.248.063)	0	(6.248.063)
	<u>24.192.972</u>	<u>5.489.306</u>	<u>29.682.278</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 6,3 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

### 14 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert tímabundinn samning um húsnæði til ársins 2024, árlegar greiðslur vegna hans nema kr. 60,1 millj.kr. Stofnunin hefur einnig gert ýmsa rekstrar- og þjónustusamninga, árlegar greiðslur vegna þeirra nema kr. 194,9 millj. kr.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.